

Miðvikudaginn 29. október 1947.

Nr. 27/1947. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Hávarði Kristjánssyni, Sigurði Þorbirni Guðmundssyni og Lúther Norðmanni Stefánssyni

(Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Þjófnaður. Brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fá ákærða Sigurði Þorbirni, sem var undir áhrifum áfengis, stjórn bifreiðar sinnar hefur ákærði Hávarður brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 23. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Að öðru leyti varða athafnir ákærðu við refsíákvæði þau, er í héraðsdómi greinir.

Refsing ákærða Hávarðs þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði, og refsing ákærða Sigurðar Þorbjarnar 45 daga fangelsi óskilorðsbundið. Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Lúthers Norðmanns þykir mega staðfesta svo og ákvæði héraðsdóms um sviptingu kosningarréttar hinna ákærðu og kjörgengis.

Samkvæmt 1. mgr. 68. gr. hegningarlaganna og 39. gr. sbr. 20. gr. bifreiðalaganna ber að svipta ákærðu Hávarð og Sigurð Þorbjörn ævilangt rétti til að stjórna bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði staðfestist. Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði Hávarður Kristjánsson sæti fangelsi 3 mánuði og ákærði Sigurður Þorbjörn Guðmundsson fangelsi 45 daga. Þeir eru sviptir ökuleyfum sínum ævilangt.

Ákærði Lúther Norðmann Stefánsson sæti fangelsi

30 daga. En fullnustu refsingar hans skal fresta, og niður skal hún falla eftir 2 ár frá uppsögu héraðsdóms, verði skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 haldin.

Ákærðu eru allir sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í hér-
aði staðfestist. Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunar-
kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun
skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæsta-
réttarlögmennanna Gunnars Þorsteinssonar og Egils
Sigurgeirssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 20. september 1946.

Ár 1946, föstudaginn 20. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadóm-
ara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 1210—1212/ 1946: Réttvís-
in og valdstjórnin gegn Hávarði Kristjánssyni, Sigurði Þorbirni Guð-
mundssyni og Lúther Norðmanni Stefánssyni, sem tekið var til
dóms hinn 3. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað
gegn Hávarði Kristjánssyni bifreiðarstjóra, Álfhólsvegi 63 í Sel-
tjarnarneshreppi, Sigurði Þorbirni Guðmundssyni verkamanni, Her-
skólakamp 19 hér í bæ, og Lúther Norðmanni Stefánssyni verka-
manni, Skólavörðuholti 24 A hér í bæ, fyrir brot gegn XXVI. kafla
almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum nr.
33 9. janúar 1935, og auk þess gegn tveimur hinum fyrrnefndu fyrir
brot gegn bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

Ákærði Hávarður Kristjánsson er kominn yfir lögaldur saka-
manna, fæddur 20. október 1906, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þess-
um kærum og refsingum:

Í Reykjavík:

- 1926 $2\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1927 $1\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1928 $1\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1929 $\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1929 $2\frac{1}{10}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1930 $1\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1931 $1\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

- 1931 $\frac{8}{10}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og skaðab. kr. 96.50 fyrir óspektir.
- 1931 $2\frac{4}{10}$ Kærður fyrir ölvun og smáþjófnað, sektaður um 50 krónur og hinu stolna, sem var 25 kr. virði, var skilað aftur.
- 1931 $1\frac{9}{10}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1932 $1\frac{4}{10}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1932 $1\frac{1}{10}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1932 $2\frac{9}{11}$ Sátt, 60 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1933 $1\frac{5}{4}$ Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun og árás á vaktmann.
- 1933 $2\frac{7}{11}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1934 $2\frac{8}{8}$ Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun og ólöglegt áfengi í vörzlu.
- 1934 $\frac{8}{7}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1934 $2\frac{0}{9}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1935 $2\frac{8}{1}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1935 $\frac{6}{2}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1935 $\frac{3}{4}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1935 $2\frac{1}{5}$ Dómur aukaréttar, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fanga-viðurværi fyrir þjófnað.
- 1935 $1\frac{1}{6}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1935 $2\frac{6}{4}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1937 $\frac{2}{5}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1939 $\frac{6}{6}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1940 $\frac{4}{8}$ Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
- 1940 $1\frac{8}{8}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1940 $1\frac{9}{10}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1941 $2\frac{6}{6}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1941 $2\frac{5}{10}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1942 $2\frac{1}{2}$ Kærður fyrir ölvun í bifreið. Fellt niður.
- 1942 $2\frac{4}{5}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1942 $1\frac{9}{7}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1942 $\frac{6}{12}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943 $\frac{6}{1}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ólöglega vínneyzlu á veitingastað.
- 1944 $2\frac{5}{8}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um aðalgötur og hliðargötur.
- 1945 $\frac{7}{4}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 $1\frac{7}{6}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Á Siglufirði:

- 1929 $\frac{9}{7}$ 60 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og barsmið.
- 1929 $1\frac{2}{6}$ 50 kr. sekt fyrir götuóspektir.
- 1936 $\frac{7}{7}$ 30 kr. sekt fyrir götuóspektir.

Ákærði Sigurður Þorbjörn Guðmundsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. janúar 1915. Hinn 3. ágúst 1944 sætti hann 40 króna sekt fyrir að aka bifreið með lélega hemla, en að öðru leyti hefur hann hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Ákærði Lúther Norðmann Stefánsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25. júní 1920. Hinn 20. október 1945 sætti hann 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri, en að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

I.

Aðfaranótt 31. janúar s. l. var ákærði *Hávarður* undir áhrifum áfengis hér í bænum. Hann hitti þá Anton Guðjónsson bifreiðarstjóra, Þóroddsstaðabragga 18, og bað hann að aka sér heim. Anton gerði það og ók áleiðis heim til Hávarðs með hann og pilt einn í bifreiðinni.

Þegar þeir komu suður á Digraneshálsinn, lenti bifreiðin í hvarfi á veginum og festist. Þeir, sem í henni voru, reyndu að ná henni upp úr, en án árangurs. Þeir reyndu þá að fá bifreiðar í grenndinni til að draga bifreiðina upp úr með, en tókst það ekki heldur. Þá fór Hávarður í heimildarleysi í vörubifreiðina R 2184, sem stóð í grennd við Álfhólsveg 36 og er eign Björns Eggertssonar, sem þar á heima, sleit í henni rafþræði og tengdi þá saman þannig, að hún var sett í beint samband, sem kallað er. Ekki segir hann vél bifreiðarinnar þó hafa farið í gang, og telur Anton, sem þarna var nálægur og reyndi að hindra þetta, það rétt vera. Hávarður lét nú bifreiðina renna nokkurn spöl undan brekku, ca. 2 lengdir bifreiðarinnar telur Hávarður, en Anton telur spölinn hafa verið ca. 15 metra, en endir þessa varð sá, að bifreiðin rann út í móa og sat þar föst. Yfirgaf Hávarður þá bifreiðina, og kom eigandi hennar að henni næsta morgun, þar sem Hávarður hafði skilið við hana.

Eigandi bifreiðarinnar hefur engar kröfur gert vegna hinnar óheimilu töku bifreiðarinnar, og verður Hávarði því eigi refsað fyrir hana. Hins vegar hefur hann með því að aka bifreiðinni undir áfengisáhrifum brotið 23. gr. 1. mgr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna.

II.

Laugardaginn 9. marz s. l. voru ákærðu allir meira og minna saman hér í bænum og neyttu allir áfengis. Þar á meðal er sannað, að ákærði Lúther neytti áfengis inni í veitingastofu einni, og varðar það brot hans við 17. gr. 1. mgr. sbr. 37. gr. 1. mgr. áfengislaganna. Þeir urðu allir ölvaðir, og um nóttina ók *Sigurður* hinum í bifreið Hávarðs, G 171, heiman að frá sér niður í bæinn og suður Reykjanesbraut. Í grennd við Þóroddsstaði sáu þeir 7 hjólbarða, sem lágu úti í járnskúffu einni, og urðu sammála um að taka þá í heimildarleysi og hafa brott með sér. Virðist Hávarður þó hafa verið með úrtölur um þetta, en látið af þeim. Þeir tóku nú allir hjólbarðana og settu upp í bifreiðina, og ók síðan Sig-

urður bifreiðinni áfram. Á Mjóumýrarvegi rann bifreiðin á hálku út af veginum að aftan og stöðvaðist. Lögreglunni var tilkynnt þetta, og fóru þrír lögregluþjónar á staðinn og handtöku ákærðu.

Hjólbarðar þessir voru undan þungaflutningavögnum og voru eign Öxuls h/f. Voru þeir félaginu mikils virði, og hefur þeim verið komið til skila. Þeir virðast hafa verið allmisjafnir að gæðum, sumir góðir, en sumir mjög slitnir. Með töku hjólbarðanna hafa allir ákærðu gerzt brotlegir við 244. gr. hegningarlaganna.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni daginn eftir þenna atburð játaði Sigurður að hafa verið undir áfengisáhrifum við aksturinn, og blóðsýnishorn, sem úr honum var tekið, sýndi áfengismagn 1.86‰. Við réttarrannsókn málsins gekk Sigurður frá þessari játningu. Lögregluþjónarnir, sem komu að ákærðu á Mjóumýrarvegi, hafa allir borið, að Sigurður hafi þá verið undir áfengisáhrifum, og þykir eigi áhorfsmál að telja sannað, að svo hafi verið og að hann hafi ekið bifreiðinni í því ástandi, eins og hann upphaflega kannaðist við. Með því hefur hann gerzt brotlegur við 23. gr. 1. mgr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna.

III.

Mið hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykja refsingar ákærðu eftir atvikum hæfilega ákveðnar þannig, að Hávarður og Sigurður sæti hvor fangelsi í 45 daga, en Lúther fangelsi í 30 daga. Fullnustu refsingar Sigurðar og Lúthers þykir mega fresta, og skulu þær niður falla, að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kaffla hegningarlaganna haldin.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna og 21. gr. áfengislaganna ber að svipta þá Hávarð og Sigurð bifreiðastjóraréttindum í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu skulu in solidum greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Egils Sigurgeirssonar, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærðu Hávarður Kristjánsson og Sigurður Þorbjörn Guðmundsson sæti hvor fangelsi í 45 daga. Ákærði Lúther Norðmann Stefánsson sæti fangelsi í 30 daga.

Fullnustu refsinga Sigurðar Þorbjörns og Lúthers Norðmanns skal fresta, og niður skulu þær falla, að 2 árum liðnum

frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 haldin.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu Hávarður Kristjánsson og Sigurður Þorbjörn Guðmundsson eru sviptir bifreiðastjóraréttindum í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Egils Sigurgeirssonar, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 31. október 1947.

Nr. 141/1946. Ólafur B. Björnsson f. h. Bjarna Ólafssonar & Co.

gegn

Agnari Norðfjörð & Co. h/f.

Útivistardómur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur B. Björnsson f. h. Bjarna Ólafssonar & Co., er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til rikissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Agnari Norðfjörð & Co. h/f, sem mætt hefur í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 200.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 31. október 1947.

Nr. 5/1946. Jónas Sveinsson

gegn

Páli Stefánssyni.

Útivistardómur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jónas Sveinsson, er eigi mætir í málinu, greiði